

Bæjarstjórn - 1887

## FUNDARBOÐ

**1887. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 23. mars 2022 og  
hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

##### 1. 2202428 - Reglur um stuðningsþjónustu

4.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 18.mars sl.  
Lögð fram umsögn Öldungaráðs um drög að reglum um stuðningsþjónustu.

Fjölskylduráð þakkar öldungaráði fyrir umsögn um reglurnar.

Fjölskylduráð samþykkir reglurnar og vísar þeim í bæjarstjórn til staðfestingar.

##### 2. 2203209 - Hamranes reitur 28.B, deiliskipulag

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.mars sl.  
Dverghamrar ehf. sækja 7.3.2022 um deiliskipulag reitar 28.B. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur 5 hæða fjölbýlishúsum með 46 íbúðum ásamt bílakjallara og smáhýsi.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi reitar 28.B og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

##### 3. 2203160 - Straumhella 10 og 12, fyrirspurn

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17. mars sl.  
Ósk um vilyrði fyrir lóðum við Straumhelli 10 og 12.

Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

##### 4. 2203366 - Áshamar 50 (þróunarreit 6A), umsókn um lóð

7. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.mars sl.  
Lögð fram beiðni um lóðarvilyrði um (Hamranes 6A, þróunarreit) Áshamar 50.  
Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að veita Þarfapingi hf. lóðarvilyrði fyrir þróunarreit 6A á grunni meðfylgjandi gagna og fyrri umsóknar. Bæjarráð felur jafnframt umhverfis- og skipulagssviði að útbúa skilmála fyrir reitinn í samræmi við minnisblað. Málinu vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

##### 5. 1604079 - Húsnæðisáætlun

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.mars sl.  
Lagt fram.

Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð staðfestir fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

Adda María Jóhannsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Samfylkingar tekur undir bókanir sem lagðar hafa verið fram í fjölskylduráði og skipulags- og byggingarráði varðandi húsnæðisáætlun.

Íbúðauppbygging hefur verið hæg á undanförunum árum og er skýrasta birtingarmynd þess fækkun íbúa um 1% á seinasta ári. Á sama tíma hefur íbúum flestra nágrannasveitarfélaga okkar á höfuðborgarsvæðinu fjölgað. Í húsnæðisáætlun kemur fram að þrátt fyrir gríðarlegan skort á íbúðahúsnæði gerir miðspá áætlunarinnar einungis ráð fyrir um 152 nýjum íbúðum á árinu 2022 sem er hvergi nærri nóg til að bregðast við vandanum. Vandinn er ekki hvað síst mikill þegar kemur að félagslega íbúðakerfinu en þar samkvæmt húsnæðisáætlun eru 122 umsóknir á biðlista og ljóst að sá listi tæmist ekki á næstunni.

Húsnæðisvandinn er brýnn og mun Samfylkingin gera það að forgangsmáli að leysa þann vanda að afloknum kosningum þannn 14. maí nk.

Adda María Jóhannsdóttir

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar bóka eftirfarandi:

Samkvæmt talningu HMS á íbúðum í byggingu voru 236 íbúðir í byggingu í Hafnarfirði í september 2021. Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar telur HMS vanmeta fjölda íbúða í byggingu í sveitarfélaginu þar sem fjöldi íbúða á matsstigi 1-5 voru 438 í desember 2021.

Húsnæðisáætlun er mikilvægt verkfæri til að fá mynd af stöðu mála hverju sinni. Bregðast þar við bæði í nútíð og framtíð og tryggja í skipulagi að hægt sé að skipuleggja ný hverfi samhliða þéttingu byggðar. Nú er ljóst að samkvæmt gildandi svæðisskipulagi er Vatnshlíðin eina nýbyggingarsvæði bæjarfélagsins til 2040 og er það nú þegar undir línunum. Því er mikilvægt að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins verði endurskoðað með það fyrir augum.

Núverandi meirihluta er full alvara í því verkefni að tryggja íbúum bæjarfélagsins og framtíðar íbúum fjölbreytt búsetuúrræði og góða blöndu húsnæðis. Það sést vel á þeirri kröftugu uppbyggingu sem í gangi er í Skarðshlíð, þeirri uppbyggingu sem hafin er í Hamranesi, samþykktu deiliskipulagi í Áslandi 4 og framkvæmdum á þéttingarreitum víðsvegar um bæinn; Dvergsreit, Hrauntungu, Stekkjarbergi og Hjallabraut. Vinnu við deiliskipulag á Óseyrarsvæði miðar vel.

Við þetta má bæta að sérstök áhersla hefur verið lögð á að tryggja íbúðir fyrir alla í þeirri miklu uppbyggingu sem nú er hafin í Hamranesi; uppbyggingu skóla, hjúkrunarheimilis og tengdri þjónustu.

## 6. 2112018 - Ásvellir 3, úthlutun

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 17.mars sl.  
Til afgreiðslu

Bæjarráð samþykkir samhljóma að úthluta lóðinni Ásvellir 3 til Byggingarfélags

Gylfa og Gunnars hf. og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

## **Fundargerðir**

### **7. 2201211 - Fundargerðir 2022, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fjölskylduráðs frá 18.mars sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 17. mars sl.

a. Fundargerð hafnartjórnar frá 2. mars sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðarbæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltarnarneskaupstaðar (HEF) frá 14.mars sl.

c. Fundargerðir menningar- og ferðamálanefndar frá 2. og 10.mars sl.

d. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 28.janúar og 25.febrúar sl.

e. Fundargerð stjórnar SSH frá 7. mars sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 15.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 16.mars sl.

a. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 25.febrúar sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 16. mars sl.

a. Fundargerð íprótta- og tómstundanefndar frá 8.mars sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 21.mars sl.

21.03.2022

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri